



Formannafundur Aftureldingar þriðjudaginn 3. febrúar 2026

Haldinn í Hlégarði klukkan 18:00

Frá aðalstjórn: Ásgeir Jónsson, Hrafns Ingvarsson og Geirarður Long

Blakdeild: Gunna Stína, Einar Friðgeir Björnsson, Margrét Ragnarsdóttir og Klara Bjarnadóttir

Fimleikadeild: Rut Sigurðardóttir og Bjarni Gíslason

Frjálsíþróttadeild:

Handknattleiksdeild: Sigurður Straumfjörð og Sveinn Líndal

Knattspyrnudeild: Hafdís Sæland, Gísli Elvar Halldórsson, Sigurður Rúnar, Anna Kristín og Katrín Jónsdóttir

Körfubolti: Gísli Jón Magnússon

Sunddeild: Brynjar Jóhannsson

Badminton: Jónatan Þór Jónsson og Inga María

Taekwondodeild:

Karatedeild: Kristján Halldórsson

Hjóladeild: Gissur Örlygsson

Skrifstofa: Einar Ingi, Hanna Björk, Þórdís Aikman

Formaður setti fund og bauð gesti fundarins velkomna

Fundur settur 18:00

Fundur hófst á því að boðið var til matar og fólk settist og spjallaði létt saman áður en formleg dagskrá hófst.

Ásgeir formaður félagsins fór svo yfir dagskrá fundarins, þar sem mikið er af praktískum atriðum. Ásgeir lagið til að Einar framkvæmdstjóri færi yfir dagskrá fundarins og hvatti formenn og gesti fundarins til að vera þátttakendur í umræðunni.

DAGSKRÁ

Launamál

Skattamál

Rafrænar undirritanir

reikningar.afturelding.is

Skráningar á abler

SharePoint svæði deilda

Æfingatöflur

Fundur með yfirþjálfurum

Lions styrkur

Önnur mál

1. Launamál

Fundurinn hófst á umræðu um launamál félagsins, og þá þeim hluta er kemur að þjálfurum á tímagjaldi.

Staðreyndin er sú að á launaseðli félagsins, hefur þjálfurum á tímagjaldi verið greitt með orlofi í einni línu, samanber **tímavinna með orlofi**.... Sem dæmi ef þjálfari er með 4000 kr. í heildar tímakaup, þá hefur það staðið sem tímavinna með orlofi, fjöldi tíma og upphæð 4000 kr. á tíman.

Samkvæmt reglum þá er þetta ekki leyfilegt og þarf orlof að vera betur skilgreint á launaseðli sem sér lína, eða greitt inná sérstakan orlofsreikning.

Frá og með áramótum eru laun félagsins greidd í gegnum DK, þ.e. launakerfið hefur verið aðgreint frá bókhaldi félagsins sem er í Business Central. Þetta er af beiðni bókhaldsfyrirtækisins sem hóf að þjónusta Afturelding síðasta haust.

Á sama tíma gerum við breytingar á þessu, þannig að frá og með 1. janúar er 2026 er orlof betur skilgreint hjá þeim starfsmönnum/þjálfurum sem við á. Tímavinna með orlofi á síðasta ári, hefur þannig verið uppfært í tvær línu á nýjum launaseðli, með sömu heildartölu sé tímavinna og orlof lagt saman.

Hinsvegar þá er 5 deildir innan félagsins sem ekki fóru undir þessar breytingar frá og með áramótum, og spilar þar inni að yngri þjálfarar sem starfa sem aðstoðarþjálfarar, fæddir 2009, 2010 og 2011 fá greitt samkvæmt ákveðnu gjaldi sem ekki nær launatöflu VR. Þannig ekki er hægt að skipta upp núverandi launum í tímavinnu og orlof svo rétt þyki.

Þannig þar stendur fyrri útskýring á launaseðliu, tímvinna með orlofi.

Þetta er helsti umræðupáttur þessa fyrsta dagskráliðar fundarins.

Framkvæmdastjóri kastar spurningu útí sal er varðar þetta tímakaup til aðstoðarþjálfara/unglinga undir 18 ár. Hvort vilji sé til að samræma þetta á milli deilda, og þá hækka íamræmi við lög.

Þannig ef þú starfar inni félaginu, hvort sem það er körfubolti eða Karate, þá fær 15 ára unglingur sama tímagjald greitt, og sú upphæð er lögmæt og tekur ofaná sig orlof.

Allir voru sammála um að skapa einhverja launatöflu sem hægt er að ganga að sem lágmarkslaun. Enda hafa nokkrar deildir áður óskað eftir svörum um þessi mál. Framkvæmdastjóri var með launtöflu VR til hliðsjónar sem er sú tafla sem einstaka deildir hafa unnið í takt við, bæði hvað varðar launatölu og hækkanir eftir aldri.

Á fundinum skapaðist umræða um þessa þætti sem endaði á að skrifstofu félagsins var falið að fara í undurbúningsvinnu er varðar lögmæti, koma með tilögu að lágmarkslaunum og kostnaðargreina hvað þetta mun kosta þær deildir sem ekki falla hér undir núþegar, þ.e. hvað kostar breytingin ákveðnar deildir.

Einnig var lagt til að vinnuskólinn yrði skoðaður, og afhverju hann má greiða eins lá laun og hann gerir. En þar virðist orðið skóli spila hlutverk sem kennsla að vinna.

2. Skattamál

Eins og formenn vita þá er ákveðin vinna í gangi innan ráðuneytisins og skattsins er varðar launþega- og verktakasamband þjálfara, og lögmæti þess.

Niðurstaða í þeim efnum er væntanleg og ekkert nýtt í þeim efnum.

Hinsvegar er ástæða þessara dagskráliðar tengt hlunnindum og bílaleigubílum leikmanna og þjálfara innan félagsins.

Framkvæmdastjóri fór yfir hvernig upphafið af þessu sé þegar skatturinn sendi bréf til félagana í landinu og óskaði eftir gögnum er varðar tekjur leikmanna og þjálfara í mfl. karla og kvenna í efstu deildum í handbolta, körfubolta og knattspyrnu. Þeim gögnum var skilað inn í haust.

Öll hlunnindi bílar eða kort eru uppgefin á verktakamið eða launamiða hvers þjálfara og/eða leikmanns.

Formenn voru sammála nálgun aðalstjórnar og framkvæmdastjóra, þar sem allir framtíðar samningar styðja við þessa uppsetningu. Framkvæmdastjóri undirstrikaði svo að allar spurningar er vangaveltur ættu að berast til hans, og er þetta mikilvægur þáttur er kemur að samningagerð deildanna í framhaldinu, að haft sé samráð við framkvæmdastjóra og unnið eftir útgefnum sniðum er varðar samninga, til þess að tryggja rétt orðalag og uppsetningu.

3. Rafrænar undirritanir

Ungmennafélagið er stigið inní framtíðina og frá og með áramótum eiga allir samningar hvort sem það er við starfsmenn, þjálfara og leikmenn að fara í gegnum rafræna undirritun.

Framkvæmdastjóri upplýsir og fylgir eftir tölvupóst er varðar framkvæmdina á því, félagið er komið með sitt eigið team.signet platform sem auðvelt er að fara inná og senda samning til undirritunar. Það sem þarf er bara kennitala og netfang viðkomandi.

Ástæðan fyrir þessu er að félagið þarf að styðja við sínar eigin reglugerðir og það hefur verið krefjandi að fá samninga inná borð til framkvæmdastjóra, hvort sem er til samþykktar eða undirskriftar.

Framkvæmdastjóri ýtrekar að það er ekkert mál að setja inn til undirritunar fyrir fólk, sú þess óskað, og hefur hann til að mynda

Spurning kom er varðar leiðbeiningar, og hvort hægt væri að deila þeim. Pósturinn á sínum tíma inniheldur leiðbeinignar en þeim verður einnig dreift á sharepoint.

Ásgeir formaður ýtrekar að þetta er ekkert til umræðu, heldur er málið einfalt, að samningar þurfa að skila sér á skrifstofu, til yfirferðar og samþykktar og rafræn samskipti auðvelda það til muna. Þetta er gert eins og áður hefur komið fram til að tryggja lögmæti samningsins, orðalag og þessháttar, öllum aðilum til hagsbóta.

Það er enþá hægt að taka gömlu góðu myndina sé þess þörf 😊

4. **Reikningar.afturelding.is**

Hvernig gengur spyr framkvæmdastjóri?

Almennt virðist þetta ganga vel, auðvitað smá hikst og þegar fólk er að gera þetta einu sinni og einu sinni þá er eðlilegt að menn gleyma.

Fullbúnar leiðbeiningar verða tilbúnar á sharepoint í lok vikunnar.

Þá er þetta mjög skýrt, skref fyrir skref.

Framkvæmdastjóri ýtrekar að þetta auðveldar alla bakvinnslu með reikninga, þeir fara á réttan stað, og skila sér strax inní kerfið þegar viðkomandi hefur sett inn beiðnina.

Það flýtir bæði afgreiðslu og endanum greiðslu.

Ef einhverjar spurningar vakna, þá hvetur framkvæmdastjóri alla til að hafa samband við Þórdísi og hún aðstoðar við að senda reikning.

5. **Skráningar inná abler**

Mikilvægt er að uppsetning á námskeiðum og annari þjónustu í Abler sé gerð af Hönnu og skrifstofu. Þetta á við um uppsetningu á þjónustu, æfingagjöldum og námskeiðum.

Það er á hennar ábyrgð að þetta sé gert rétt, og eins og staðan er núna þá er of oft sem þetta er gert rangt þegar kemur að greiðslum og afsláttum.

Framkvæmdastjóri nefnir dæmi þar sem búið var til námskeið sem prufunámskeið, með verð 0 krónur, sem var sett vitlaust upp í upphafi, þannig að það fóru að myndast systkina- og fjölgreinaafsláttur við skráningu í örðum deildum eða innan sömu deildar útfrá skráningu á prufunámskeið.

Þetta abler kerfi er ekki fullkomið, þessvegna þarf þetta að vera rétt gert, en það fer mikil vinna í að leiðrétta og endurgreiða.

Framkvæmdstjóri tekur fram að þetta á eingöngu við um uppsetningu á námskeiðinu sjálfu, uppsetning á sem dæmi mótagjöldum og/eða pizzuveislu sem rukkað er fyrir innan þjónustunnar er en í höndum þjálfara eða yfirþjálfara, þó svo að Hanna sé alltaf tilbúin að aðstoða.

Badmintondeild tjáði sig aðeins um þetta á fundinum og var ósammála að þetta þyrfti að vera inná skrifstofu, það tæki tíma að gera þetta og áður fyrr hafi álagið á skrifstofu verið nógu mikið fyrir. Þau vildu meina að það væri óþarfi að böggja Hönnu með þessu og best væri að gefa bara út leiðbeiningar fyrir aðila innan deilda til að gera þetta sjálf.

Það skapaðist ágætis umræða um þetta og framkvæmdastjóri og íþróttafulltrúi töldu aðalega mikilvægt að upplýsingar um ný námskeið kæmu á réttum tíma, ekki daginn áður en skráningar hefjast.

Niðurstaðan var að skrifstofa mun útbúa excel skjal sem verður sent út fyrir næsta haust, þar sem koma fram dálkar sem þarf að fylla inní, svo hægt sé að skrá inn réttar upplýsingar, samanber,

aldur, heiti námskeiðs, verð o.s.frv. Þannig hver deild skilar inn upplýsingum í sama forminu til Hönnu fyrir skráningu.

6. SharePoint svæði deilda

Framkvæmdastjóri minnir á SharePoint svæði deildanna, þar sem hver deild er nú komin með sitt eigið svæði fyrir gögn deildarinnar. Þar má finna upplýsingar ýmskonar template af samningum, fjárhagsáætlun, fundargerðum, og launaforsendum, sem og lög- og reglugerðir.

Flestar deildir eru byrjaðar að nýta sér þetta og vinna inná sharepoint og hetur framkvæmdstjóri þær deildir sem ekki hafa tileinkað sér sharepoint að logga sig inn og skoða. Þetta er mikilvægt skref til að vernda gögn og gefa deildum tækifæri til að tengja fleiri aðila stjórnar inní gagnagrunn deildanna.

Hann nefndi sem dæmi mfl.kvk í knattspyrnu sem hefur gefið allri stjórn heimild og aðgang þannig þau vinna saman í sömu gögnum inná sharepoint.



Spurning kom er varðar uppsetningu á síðunni, og framkvæmdastjóri ýtrekar að þetta er síða deildanna, og fólk frjálst að breyta heitum á möppum og uppsetningu á þeim eins og fólk vill.

Framkvæmdastjóri setur eingöngu þau gögn sem hann hefur, eða þegar hann fær full undirskrifaðan samning í hendurnar, þá er þeim deilt inná sharepoint þar sem við á í þartilgerðri möppu.

7. Æfingatöflur

Framkvæmdastjóri minnir formenn á að allar breytingar á æfingatöflum sem eiga sér stað á miðju tímabili, verða að berast og vera gerðar í samstarfi við skrifstofu, þetta á einnig við breytingar fyrir vorönn. Litlar breytingar geta haft keðjuverkandi áhrif á aðrar deildir, og aðrar áskriftir barna sem eru í fleiri en einni íþrótt.

Verkefni skrifstofu er að kanna tengingar, og árekstra gagvart öðrum íþróttum þegar svona breytingar eiga sér stað.

Það fer mikil vinna í að stilla þessu upp að hausti og því geta litlar breytingar haft áhrif á nokkra aðila.

8. Fundur með yfirþjálfurum

Skrifstofa og aðalstjórn mun setja á fund með öllum yfirþjálfurum, með það að markmiði að hlusta, virkja samtalið á milli deilda, og hvetja þá áfram til góðra verka.

Sjálfboðaliðar koma inní starfið, og inní féagið okkar með passion fyrir ákveðinni deild, eða ákveðinni íþrótt. Vinna af hugsjón fyrir sinni deild og er það hlutverk skrifstofu og starfsmanna deilda að láta heildina ganga upp. Þessvegna er mikilægt að við tökum forystu í að tengja yfirþjálfara saman, fara yfir praktísk atriði og virkja samtalið.

Formenn lýsa yfir mikill ánægju með þetta framtak að tengja yfirþjálfara saman, mikilvægt og gott skref fram veginn.

Og er þar nefnd ákveðin menning sem er að skapast uppá skrifstofu félagsins þar sem sérstaklega þjálfarar fimleika og knattspyrnu eru farin að sitja saman og vinna.

Upp kom spurning hversu oft þetta á að vera, Ásgeir svarar að þetta sé fyrsta skrefið og vonandi verður hægt að byggja upp gott samstarf og samtal á milli þessara aðila.

9. Lions styrkur

Félaginu barst styrkur frá Lions að upphæð 300.000 kr.

Óskað er eftir að formenn hugsi eitthvað gott sem gagnast félaginu sem heild, eitthvað sem getur bætt aðstöðuna eða liðsandann, samanber merkið að Varmá, rauði gangurinn. Vantar kannski eitthvað í styrktaraðstöðuna?

10. Önnur mál

Aðalfundur deilda eru áætlaðir í lok mars / byrjun apríl.

Hanna mun upplýsa og raða upp deildum. Eins og áður þá snýr þetta að ársreikningum, að þeir séu tilbúnir.

Takk fyrir góðan fund.

Fundi slitið klukkan 19:45